
Fjarskipti hf.

Samandreginn árshlutareikningur
samstæðunnar

1. janúar til 30. júní 2015

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Fjárhagslegar lykiltölur	4
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjáryfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar við samandreginn árshlutareikning	10

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Fjarskipta hf. og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum. Árshlutareikningur samstæðunnar 1. janúar til 30. júní 2015 er kannaður af endurskoðendum félagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 6.660 millj. kr. (6.467 millj. kr. 1.1 til 30.6.2014). Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu nam 537 millj. kr. (345 millj. kr. 1.1 til 30.6.2014). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 15.310 millj. kr. (15.536 millj. kr. 31.12.2014). Eigið fé samstæðunnar þann 30. júní 2015 nam 8.764 millj. kr. (8.503 millj. kr. 31.12.2014). Eiginfjárlutfallið 30. júní 2015 var 57,2% (54,7% 31.12.2014). Þar af nam hlutafé 3.358 millj. kr. (3.362 millj. kr. 31.12.2014).

Á aðalfundi Fjarskipta hf. þann 19. mars 2015 var samþykkt að heimila félaginu kaup á eigin hlutum, allt að 10% af hlutafé félagsins.

Þann 6. júlí 2015 var tilkynnt um endurkaupaáætlun um kaup á eigin bréfum á grundvelli fyrrgreindrar samþykktar í þeim tilgangi að lækka útgefið hlutafé félagsins.

Endurkaupin munu að hámarki nema 10.300.000 hlutum eða 3,06% af útgefnum hlutum í Fjarskiptum hf., en þó þannig að heildarkaupverð verði ekki meira en 400 millj. kr. Áætlunin er í gildi til 31. desember 2015 eða skemur ef skilyrði um hámarkskaup eru uppfyllt fyrir þá dagsetningu.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2015 ásamt rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2015.

Stjórn og forstjóri Fjarskipta hf. hafa í dag fjallað um samandreginn samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2015 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. ágúst 2015

Í stjórn:

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður

Anna Guðný Aradóttir

Hildur Dungal

Hjörleifur Pálsson

Agla Hendriksdóttir

Forstjóri:

Stefán Sigurðsson

Fjárhagslegar lykiltölur

	2015	2014	2015	2014
	2F*	2F*	6M	6M
Fjárhagsupplýsingar				
Heildartekjur	3.408	3.294	6.660	6.467
Rekstrarhagnaður	454	365	849	653
Hagnaður fyrir tekjuskatt	370	261	668	428
Hagnaður tímabilsins	300	210	537	345
Hagnaður á hlut	0,90	0,60	1,60	1,00
Fjárfestingar	354	447	662	860
Handbært fé frá rekstri	857	607	1.396	803
Frammistöðumat				
EBITDA tímabilsins	776	671	1.495	1.306
EBITDA hlutfall	22,8%	20,4%	22,5%	20,2%
Frjálst fjárfæði (FCF)	656	239	985	130
Nettó vaxtaberandi skuldir	4.075	5.374	4.075	5.374
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA **	1,2	1,8	1,2	1,8

* Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum

** EBITDA síðastliðinna 12 mánaða

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Fjarskipta hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning samstæðu Fjarskipta hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2015, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

Stjórn og forstjóri félagsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 *um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar sé í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 „Árshlutareikningar“.

Reykjavík, 19. ágúst 2015

KPMG ehf.

Kristrún H. Ingólfssdóttir

Sigríður H. Sveinsdóttir

Rekstrarreikningur

1. janúar til 30. júní 2015

	2015 2F*	2014 2F*	2015 6M	2014 6M
Seldar vörur og þjónusta	3.408	3.294	6.660	6.467
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(1.806)	(1.775) **	(3.547)	(3.513) **
Framlegð	1.602	1.519	3.113	2.954
Rekstrarkostnaður	(1.148)	(1.154) **	(2.264)	(2.301) **
Rekstrarhagnaður	454	365	849	653
Fjármunatekjur	7	9	15	22
Fjármagnsgjöld	(91)	(113)	(196)	(247)
Hrein fjármagnsgjöld	(84)	(104)	(181)	(225)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	370	261	668	428
Tekjuskattur	(70)	(51)	(131)	(83)
Hagnaður tímabilsins	300	210	537	345
Hagnaður á hlut	0,90	0,60	1,60	1,00
Þynntur hagnaður á hlut	0,90	0,60	1,60	1,00

Yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. júní 2015

	2015 2F*	2014 2F*	2015 6M	2014 6M
Hagnaður tímabilsins	300	210	537	345
Önnur heildarafkoma				
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags	1	(6)	(44)	(22)
Heildarafkoma tímabilsins	301	204	493	323

* Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum

** Framsetningu breytt, sjá skýringu 2b.

Efnahagsreikningur

30. júní 2015

	30.6.2015	31.12.2014	
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir	4.278	4.332	
Óefnislegar eignir	7.185	7.150	
Skatteign	368	479	
Fastafjármunir samtals	11.831	11.961	
Veltufjármunir			
Birgðir	312	329	
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	2.650	2.718	
Handbært fé	517	528	
Veltufjármunir samtals	3.479	3.575	
Eignir samtals	15.310	15.536	
Eigið fé			
Hlutfé	3.358	3.362	
Yfirverðsreikningur hlutfjár	2.964	2.973	
Þýðingarmunur	183	227	
Óráðstafað eigið fé	2.259	1.941	
Eigið fé	8.764	8.503	
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	4,5,6	4.296	4.638
Tekjuskattsskuldbinding		46	32
Langtímaskuldir samtals		4.342	4.670
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	4,6	296	461
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		1.769	1.804
Fyrirframinnheimtar tekjur		103	65
Tekjuskattur til greiðslu		36	33
Skammtímaskuldir samtals		2.204	2.363
Skuldir samtals		6.546	7.033
Eigið fé og skuldir samtals		15.310	15.536

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 30. júní 2015

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
1.1. til 30.6. 2014					
Eigið fé 1.1.2014	3.408	3.083	246	847	7.584
Heildarafkoma tímabilsins	-	-	(22)	345	323
Eigið fé 30.6.2014	3.408	3.083	224	1.192	7.907
1.1. til 30.6. 2015					
Eigið fé 1.1.2015	3.362	2.973	227	1.941	8.503
Eigin hlutir	(4)	(9)	-	-	(13)
Arðgreiðsla	-	-	-	(219)	(219)
Heildarafkoma tímabilsins	-	-	(44)	537	493
Eigið fé 30.6.2015	3.358	2.964	183	2.259	8.764

Sjóðstreymisyfirlit

1. janúar til 30. júní 2015

	2015 2F*	2014 2F*	2015 6M	2014 6M
Hagnaður tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi	300	210	537	345
Aðlögun vegna				
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	242	249	484	522
Afskriftir óefnislegra eigna	80	57	162	131
Hrein fjármagnsgjöld	84	104	181	225
Söluhagnaður eigna	(6)	0	(6)	(3)
Tekjuskattur, breyting	70	51	131	83
Veltufé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt	770	671	1.489	1.303
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum				
Birgðir, breyting	78	40	17	(28)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting	154	(106)	68	(143)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting	(17)	92	27	(145)
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting	17	(11)	38	(1)
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt	1.002	686	1.639	986
Innborgaðar vaxtatekjur	7	9	14	17
Greidd vaxtagjöld	(152)	(88)	(257)	(200)
Handbært fé frá rekstri	857	607	1.396	803
Fjárfestingarhreyfingar				
Seldir rekstrarfjármunir	8	0	8	4
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(259)	(339)	(456)	(681)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(95)	(108)	(206)	(179)
Fjárfestingarhreyfingar	(346)	(447)	(654)	(856)
Fjármögnunarhreyfingar				
Endurkaup á eigin hlutum	0	0	(13)	0
Greiddur arður	0	0	(219)	0
Afborganir langtímalána	(4.992)	(199)	(5.107)	(322)
Skammtímalán, breyting	(100)	75	100	321
Tekið nýtt langtímalán	4.500	0	4.500	0
Fjármögnunarhreyfingar	(592)	(124)	(739)	(1)
Breyting á handbæru fé	(81)	36	3	(54)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(2)	1	(14)	(4)
Handbært fé í byrjun tímabils	600	240	528	335
Handbært fé í lok tímabilsins	517	277	517	277

* Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum

Skýringar

1. Félagið

Fjarskipti hf. ("félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru í Skútuvogi 2, Reykjavík. Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2015 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar og til einstakra félaga sem samstæðufélaga.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum árshlutareikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2014. Hægt er að nálgast ársreikning Fjarskipta hf. á heimasíðu félagsins www.vodafone.is og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn félagsins staðfesti og heimilaði birtingu árshlutareikningsins þann 19. ágúst 2015.

b. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2014. Samanburðarfrjárhæðum í rekstrarreikningi hefur verið breytt til samræmis við nýja flokkun á launakostnaði í rekstrarreikningi. Breytingin hefur engin áhrif á niðurstöður rekstrarreiknings.

c. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat stjórnenda við beitingu reikningsskilaaðferða og við mat á óvissu er það sama og við gerð samstæðuársreiknings 31. desember 2014.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Breyting á reikningshaldslegu mati er færð þegar hún á sér stað og á síðari reikningsskilatímabilum ef matsbreytingin hefur einnig áhrif á þau.

Skýringar, frh.:

3. Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþættir

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar. Breyting er frá framsetningu í ársreikningi 2014, þar sem vörusala, sem var áður í öðrum tekjum er sérgreind og hluti af öðrum tekjum heimfærður á aðra starfsþætti.

Samstæðan skiptist í fimm starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir eru:

Farsími samanstendur af öllum tekjum vegna notkunar á farsímum, þ.m.t. gagnaflutningum í farsímakerfinu, áskriftartekjum frá einstaklingum og fyrirtækjum, seldum frelsisinneignum, reikitekjum frá ferðamönnum og samtengitekjum í farsíma.

Internet samanstendur af tekjum af netþjónustu í fastlínukerfum, þ.m.t. á ljósleiðara, xDSL þjónustu og öðrum gagnatengingum.

Fastlína samanstendur af tekjum vegna notkunar á heimasíma, fyrirtækjasíma í fastlínu og samtengitekjum í fastlínu.

Sjónvarp samanstendur af tekjum af dreifingu á báðum sjónvarpsdreifikerfum Vodafone, leigutekjum af myndlyklum og tekjum af leigu einstakra kvikmynda og þátta (VOD).

Vörusala samanstendur af sölu á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.

Aðrar tekjur samanstanda af þjónustutekjum og leigu á endabúnaði.

Rekstrarstarfsþættir	Farsími	Internet	Fastlína	Sjónvarp	Vörusala	Aðrar tekjur	Jöfnunar-færslur	Samtals
1.1. til 30.6.2015								
Tekjur frá þriðja aðila	2.345	1.686	733	841	765	290	-	6.660
Innri tekjur	1	3	20	-	3	22	(49)	0
Tekjur samtals	2.346	1.689	753	841	768	312	(49)	6.660
Óskipt rekstrargjöld								(5.165)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)								1.495
Afskriftir								(646)
Hrein fjármagnsgjöld								(181)
Tekjuskattur								(131)
Hagnaður tímabilsins								537
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags								(44)
Heildarafkoma tímabilsins								493
Óskiptar eignir 30.6.2015								15.310
Óskiptar skuldir 30.6.2015								6.546
Fjárfestingar tímabilsins 1.1.2015 til 30.6.2015								662

Skýringar, frh.:

3. Starfspáttayfirlit, frh.:

Rekstrarstarfspættir	Farsími	Internet	Fastlína	Sjónvarp	Vörusala	Aðrar tekjur	Jöfnunar-færslur	Samtals
1.1. til 30.6.2014								
Tekjur frá þriðja aðila	2.357	1.597	788	826	609	290	-	6.467
Innri tekjur	-	4	22	-	26	25	(77)	0
Tekjur samtals	2.357	1.601	810	826	635	315	(77)	6.467

Óskipt rekstrargjöld								(5.161)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)								1.306
Afskriftir								(653)
Hrein fjármagnsgjöld								(225)
Tekjuskattur								(83)
Hagnaður tímabilsins								345
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags								(22)
Heildarafkoma tímabilsins								323

Óskiptar eignir 31.12.2014 **15.536**

Óskiptar skuldir 31.12.2014 **7.033**

Fjárfestingar tímabilsins 1.1.2014 til 30.6.2014 **860**

Landsvæðaskipting

Tekjur samstæðunnar greinast þannig eftir landsvæðum:

1.1. til 30.6.2015	Ísland	Færeyjar	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila á tímabilinu	5.768	892	6.660
EBITDA á tímabilinu	1.312	183	1.495
Eignir starfspáttá í lok tímabilsins	14.108	1.202	15.310
Fjárfestingar tímabilsins	588	74	662

1.1. til 30.6.2014

Tekjur frá þriðja aðila á tímabilinu	5.568	899	6.467
EBITDA á tímabilinu	1.118	188	1.306
Eignir starfspáttá 31.12.2014	14.198	1.338	15.536
Fjárfestingar tímabilsins	794	66	860

Skýringar, frh.:

4. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:	30.6.2015	31.12.2014
Skuldir við lánastofnanir	4.592	5.099
Næsta árs afborganir	(296)	(461)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	4.296	4.638
Vaxtaberandi skammtímaskuldir greinast þannig:	2015	2014
Næsta árs afborganir langtímaskulda	296	461
Vaxtaberandi skammtímaskuldir samtals	296	461
Vaxtaberandi skuldir samkvæmt efnahagsreikningi samtals	4.592	5.099

5. Vaxtaberandi langtímaskuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig :	30.6.2015		31.12.2014	
	Vaxtakjör	Eftirstöðvar	Vaxtakjör	Eftirstöðvar
Skuldir í ISK, óverðtryggðar	6,65%	4.592	6,9%	5.099
		4.592		5.099

6. Afborganir af langtímalánum

Afborganir af langtímalánum greinast þannig á næstu ár:	30.6.2015	31.12.2014
Til greiðslu innan árs	296	461
Til greiðslu eftir ár en innan tveggja ára	296	461
Til greiðslu eftir tvö ár en innan þriggja ára	300	462
Til greiðslu eftir þrjú ár en innan fjögurra ára	300	464
Til greiðslu eftir fjögur ár en innan fimm ára	300	464
Afborganir síðar	3.100	2.787
Samtals	4.592	5.099

Í júní gekk félagið frá endurfjármögnun á lánunum sínum. Samið var við Landsbankann hf. um langtímalán til 7 ára að fjárhæð 4.500 millj. kr. og rekstrarlánalínu til 5 ára að fjárhæð 500 millj. kr.

Skýringar, frh.:

7. Önnur mál

Nánari er fjallað um neðangreind mál í skýringum 35 og 36 með ársreikningi 2014. Hér er aðeins fjallað um þær breytingar sem átt hafa sér stað á árinu 2015.

Fjarskipti hf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun

Á tímabilinu stefndu Fjarskipti hf. Póst- og fjarskiptastofnun („PFS“) og gerðu þá dómkröfu að ógiltur verði með dómi úrskurður úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála í máli nr. 3/2014 frá 11. október 2014. Úrskurðurinn sem stefnandi leitar ógildingar á felur í sér að sms-þjónusta á „Mínum síðum“ á vodafone.is falli undir gildissvið fjarskiptalaga og þar með lögsögu PFS.

Verði fallist á dómkröfu Fjarskipta hf. í málinu kann það að hafa áhrif á niðurstöður dómsmála sem einstaklingar hafa höfðað á hendur félaginu vegna innbrotis í tölvukerfi þess. Allt að einu er óvissa um áhrif á rekstur og efnahag félagsins og engin skuldbinding hefur verið færð.

Stefna vegna innbrotis í tölvukerfi

Á tímabilinu voru þingfestar sex stefnur á hendur félaginu þar sem gerðar eru kröfur um bætur vegna tjóns sem einstaklingar telja sig hafa orðið fyrir vegna innbrotisþjónaðar erlends tölvuhakkara á heimasíðu Vodafone í nóvember 2013 og í kjölfarið dreifingu þjónsins og annarra á hinum stolnu gögnum. Samanlögð stefnufjárhæð er 113 millj. kr., auk vaxta og málskostnaðar.

Komist dómstólar að þeirri niðurstöðu að Fjarskipti hf. sé bótaskyld vegna innbrotisins, er það mat félagsins að fjárhæðir í þeim málum sem um teflir hafi óveruleg áhrif á rekstur og efnahag félagsins og engin skuldbinding verið færð.

Síminn hf. krefur Fjarskipti hf. um skaðabætur

Fjarskiptum hf. barst á tímabilinu krafa frá Símanum um skaðabætur vegna meintrar ólögmætrar notkunar á vörumerkinu Tímaflakk. Krafan er að fjárhæð 400 millj. kr. Fjarskipti hf. telja ekki grundvöll fyrir kröfunni. Ágreiningur er um skráningu Símans á vörumerkinu sem ekki hefur verið til lykta leiddur og hefur Fjarskipti hf. áfrýjað til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Auk þess telur Fjarskipti hf. fjárhæð bótakröfunnar í engu samræmi við málsatvik og dómafordæmi.

Fjarskipti hf. gegn Tali (nú 365 miðlum ehf.)

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þann 17. desember 2014 var frávisunarkrafa Tals tekin til greina m.a. á þeirri forsendu að hluti ágreiningsins heyrir undir gerðardóm en ekki almenna dómstóla. Þann 31. mars 2015 birti félagið stefnu á hendur 365 miðlum ehf. er lýtur að þeim hluta málsins sem heyrir undir almenna dómstóla. Málið var þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þann 9. apríl 2015. Stefnufjárhæð er um 44 millj.kr., auk vaxta og málskostnaðar. Höfðun máls fyrir gerðardómi er í undirbúningi vegna þeirra krafna sem eftir standa af framangreindum viðskiptum sem nema um 67 millj. kr. auk vaxta.

Rétt er að taka fram að óvissa ríkir áfram um efnislega niðurstöðu dómsmálsins, sem og fyrirhugaðrar gerðardómsmeðferðar. Verði 365 miðlar ehf. að endingu dæmdir til greiðslu á framangreindri kröfu Fjarskipta hf. mun það hafa óveruleg áhrif á rekstur og efnahag Fjarskipta hf.

Niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) í ríkisstyrkjamáli

Þann 30. júní síðastliðin, birtist fréttatilkynning á vef Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), þar sem stofnunin kynnti niðurstöðu sína í ríkisstyrkjamáli þar sem Fjarskipti hf. hafði verið málshefjandi. Áður hefur verið greint frá umræddri kvörtun í skráningarlýsingu Fjarskipta hf. í aðdraganda þess að hlutabréf félagsins voru tekin til skráningar í Kauphöll. Eftirlitsstofnun EFTA hefur nú komist að þeirri niðurstöðu að samningurinn samræmist EES reglum á sviði ríkisaðstoðar. Hefur þessi niðurstaða ekki fjárhagsleg áhrif fyrir Fjarskipti hf. og engin áhrif á rekstur né efnahag, samanber einnig hliðstætt mat í fyrrgreindri skráningarlýsingu á líklegum áhrifum ef þetta yrði niðurstaðan.

Farsímadreifikerfi Fjarskipta hf. og Nova ehf. rekin sameiginlega

Eins og fram kom í fréttatilkynningu Fjarskipta hf. þann 30. júní 2015 veitti Samkeppniseftirlitið samþykki sitt fyrir rekstri samrekstrarfélags Vodafone og Nova ("félögin"), að vissum skilyrðum uppfylltum. Félögin vinna enn að útfærslu samstarfsins á grundvelli fyrimæla í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins.

Áfrýjun Símans á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2015

Síminn áfrýjaði í júní 2015 ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2015 en með ákvörðuninni hafði Samkeppniseftirlitið heimilað Nova ehf. og Fjarskiptum hf. að eiga í sameiningu félag sem myndi annast rekstur á tilteknum dreifikerfum fyrir farsímaþjónustu. Í málinu hefur Síminn farið fram á að sett verði frekari skilyrði fyrir samstarfinu en gert var með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2015. Lýtur ágreiningurinn fyrst og fremst að því hvort skilyrðin séu fullnægjandi en ekki að því hvort ástæða sé til ógildingar ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins í heild sinni.